



352. fundur Afrekssjóðs ÍSí 15. apríl 2026 kl. 12.10

Mætt öll á Teams

Stjórn: Þórey Edda Elísdóttir formaður (ÞE), Stefán Jóhannesson (SJ), Kári Mímisson (KM), Birna Lárusdóttir (BL)

Aðrir: Kári Steinn Reynisson (KSR) sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Daníel Jakobsson (DJ)

BL yfirgaf fundinn 13.00.

- 1. Breytingar á reglum, árangurskvarða og viðmiðum vegna úthlutunar 2027**
Umræða fór fram. Starfsmenn AMÍ og ASJ funduðu með sérsamböndum og fengu fjölda ábendinga um hvernig hægt væri að gera reglur og úthlutun betri. Gert er ráð fyrir að AMÍ byrji að rýna ábendingarnar og móti nýjar reglur og viðmið og kynni fyrir stjórn ASJ sem komi með sitt álit á breytingunum.
- 2. Erindi frá sérsamböndum**
HSÍ vegna lengri dvalar á EM í Svíþjóð 2026.
HSÍ óskar eftir hækkun á ferðastyrk (umfang) þar sem A landslið karla var degi lengur en áætlað var á EM í Svíþjóð í janúar sl.
Lagt fyrir KSR að afla frekari gagna um áætlaða og endanlega ferðatilhögun vegna mótsins.

HSÍ vegna æfingaleikja sem koma í stað undankeppnisleikja fyrir HM 27.
HSÍ óskar eftir að æfingaleikir sem koma í stað leikja í undankeppni HM fái sama stuðul og leikir í undankeppninni. A landslið karla tryggði sér þátttökurétt á lokamóti HM 2027 með góðum árangri á EM 2026. Sleppur þá við að fara í undankeppni og spilar æfingaleiki í undirbúningnum í staðinn.
Erindi samþykkt enda góður árangur að valda því að æfingaleikir koma greinilega í stað leikja í undankeppni stórmóts.
Lagt fyrir framkvæmdastjórn til staðfestingar.

Blaksamband Íslands vegna breytingar á mótapátttöku.
BLÍ óskar eftir hækkun á ferðastyrk (umfang) þar sem U18 ka. og U18 kv. í inniblaki komust á lokamót EM í júní og júlí nk. Lokamótin voru ekki í umsókn né úthlutun BLÍ. Skv. erindi eru alls 36 þátttakendur í 13 nætur. Reiknast það sem kr. 1.054.512 hjá BLÍ.
Erindi samþykkt í samræmi við 2. mgr. 16. gr. reglugerðar um Afrekssjóð ÍSí.
BLÍ fái 1.054.512 viðbótarúthlutun vegna umfangs.
Lagt fyrir framkvæmdastjórn til staðfestingar.

Klifursamband Íslands

Kí óskar eftir upplýsingum hvort sambandið falli í flokk Afrekssársambands eða Verkefnasársambands við úthlutun 2027.

Lagt fyrir KSR að taka saman árangur og þátttöku sem liggur grundvallar flokkun skv. núverandi reglum.

3. Niðurfellingar 2024

Yfirferð uppgjors og ársreikninga með tilliti til afrekskostnaðar og sundurliðunar afreksþátta vegna ársins 2024 er nú lokið hjá síðustu fjórum sérsamböndum sem eftir voru. Gerð er tillaga um eftirfarandi niðurfellingar:

Sársamband	Heildarúthlutun	Tillaga að niðurfellingu	Lokaupphæð 2024	Skýring
BSÍ - Badminton samband Íslands	8.550.000	102.005	8.447.995	V/heilbr.teymis
DSÍ - Dansípróttasamband Íslands	8.513.000	0	8.513.000	Kostnaður til staðar
JSÍ - Júdósamband Íslands	8.438.000	1.556.246	6.881.754	778 þ. v/heilbr.teymi, 427 þ. v/umfangs, 351 þ. v/hæfil.mótun
SKÍ - Skíðasamband Íslands	33.716.000	337.382	33.378.618	V/heilbr.teymis
Samtals:		1.995.633		

Niðurfellingar eru byggðar á fjárhagslegu uppgjöri afreksstarfs og ársreikningi auk skýringa sérsambanda.

Alls er því um 1.995.633 kr. niðurfellingar að ræða í viðbót við 11.513.379 kr. fyrir niðurfellingar ársins hjá sérsamböndum. Eru niðurfellingar ársins 2024 því alls 13.509.012 kr.

Stjórn Afrekssjóðs leggur því til að fella niður afreksstyrki að fjárhæð kr. 1.995.633, skv. framangreindu.

Lagt fyrir framkvæmdastjórn til staðfestingar.

4. Birting upplýsinga úr umsóknum sérsambanda

Umræða fór fram um hvað skuli birt sérsamböndum af upplýsingum í umsóknum sérsambanda. Skv. 19. gr. reglugerðar um Afrekssjóð skal stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ birta umsækjendum sundurliðaðar upplýsingar um úthlutanir til sérsambanda. Upplýsingar um fjárhæðir sem sótt var um skulu jafnframt fylgja. **KSR falið að taka saman sundurliðaðar upplýsingar um úthlutanir og umsóknir og kynna fyrir stjórn ASJ áður en birt er sérsamböndum.**

5. Önnur mál

Engin önnur mál.

Gert er ráð fyrir að næsti fundur verði eftir tvær vikur.

Fundi slitið kl. 13.11.